

GJALDSKRÁ

Hitaveita Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 21,00
2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils kr. 5 795,00

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 2 700,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" kr. 3 795,00

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr. 32 428,00
400 til 2000 m ³	kr. 32 428,00
af 400 m ³ +	kr. 27,40
á m ³ þar yfir að 2000 m ³ .	
2000 m ³	kr. 76 268,00
+	kr. 22,30
á m ³ þar yfir.	

Sé fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 6 298,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 519,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 031,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 413,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 40, 16. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

14. febrúar 1986

Nr. 100

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Sauðárkrókshöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1 Hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness.
- 1.2 Takmörk á sjó eru:
Botn Skagafjarðar innan beinnar línu, er hugsast dregin úr melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann í Hegranesi.
- 1.3 Takmörk á landi eru:
Frá suðurgarði að sunnan að bæjarmörkum við Gönguskarðsárósa að norðan, að austan ræður stórstraumsflóðborð. Mörk að vestan eru við Strandveg og Eyrarveg.
- 1.4 Hafnarsvæði, er teljast innri höfn í reglugerð þessari, eru:
Sjávarsvæði innan beinnar línu frá enda suðurgarðs í enda hafnarsvæðis.
Önnur sjávarsvæði teljast ytri höfn.
- 1.5 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
 - Hafnarbakka og bryggjur.
 - Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
 - Götur.
 - Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

- 2.1 Sauðárkrókskaupstaður er eigandi hafnarinnar og sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.
- 2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Minnst 2 aðalmanna í hafnarstjórn skulu eiga sæti í sveitarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar. Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn.
- 2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri, bæjartæknifræðingur og hafnarvörður sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.
- 2.4 Hafnarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.